

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 84/2006

frá 7. júlí 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hlíðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2005 frá 10. júní 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/403/EB frá 25. maí 2005 um flokkun þaka og þakklæðninga eftir nothæfi með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds að því er varðar tilteknar byggingarvörur eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/484/EB frá 4. júlí 2005 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar verksmiðjuframleiddar kæligeymslur og verksmiðjuframleiddar einingar í kæligeymslur ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/610/EB frá 9. ágúst 2005 um flokkun eftir nothæfi með tilliti til bruna að því er varðar tilteknar byggingarvörur ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/823/EB frá 22. nóvember 2005 um breytingu á ákvörðun 2001/671/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun þaka og þakklæðninga eftir nothæfi með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í fimmtugasta og níunda undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/671/EB) 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/106/EBE):
„– **32005 D 0823**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/823/EB frá 22. nóvember 2005 (Stjtið. ESB L 307, 25.11.2005, bls. 53).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 12, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 135, 28.5.2005, bls. 37.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 173, 6.7.2005, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 208, 11.8.2005, bls. 21.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 307, 25.11.2005, bls. 53.

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/571/EB):
- „2b. **32005 D 0403**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/403/EB frá 25. maí 2005 um flokkun þaka og þakklæðninga eftir nothæfi með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds að því er varðar tilteknar byggingarvörur eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 89/106/EBE (Stjtið. ESB L 135, 28.5.2005, bls. 37).
 - 2c. **32005 D 0484**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/484/EB frá 4. júlí 2005 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar verksmiðjuframleiddar kæligeymslur og verksmiðjuframleiddar einingar í kæligeymslur (Stjtið. ESB L 173, 6.7.2005, bls. 15).
 - 2d. **32005 D 0610**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/610/EB frá 9. ágúst 2005 um flokkun eftir nothæfi með tilliti til bruna að því er varðar tilteknar byggingarvörur (Stjtið. ESB L 208, 11.8.2005, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2005/403/EB, 2005/484/EB, 2005/610/EB og 2005/823/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. júlí 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.